

Nr. 145 / 11 Sægrímur GK 525***Skipverji slasast á fæti***

Skipaskr.nr. 2101
Smíðaður: Njarðvík 1990, stál
Stærð: 34,4 brl. 77 bt.
Mesta lengd: 19,12 m *Skráð lengd:* 17,28 m
Breidd: 4,8 m *Dýpt:* 4,18 m
Vél: Volvo Penta 220 kW, 1990
Fjöldi skipverja: 5



Sægrímur©Alfons Finnsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. nóvember 2011 var Sægrímur GK 525 á netaveiðum á Faxaflóamiðum. Veður: SA 3 m/s.

Við veiðar fór færið í skrúfuna. Til að losa það ákváðu skipverjar að festa færið í festingu á þilfari og skrúfan síðan keyrð. Færið hafði verið tekið yfir rekkverk með þeim afleiðingum að rör úr því brotnaði og slóst í fót eins skipverjans sem slasaðist.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn hafði óvart sett taugina yfir rörið í rekkverkinu í stað þess að hafa hana undir þeim. Fram kom hjá honum að um fljótfærni hefði verið að ræða en fest hafi verið á landfestarpolla á þilfarinu;
- að færið hafði dregist undir skipið og farið í skrúfuna. Fram kom að þetta gerðist af og til.

Nefndarálit:

Nefndin telur orsök slyssins vera þau mistök skipverjans að láta færið liggja yfir veikbyggt rör í rekkverkinu sem ekki þoldi álagið.